



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Skýrsla stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu um stöðu barna með fjölþættan vanda

Á fundi velferðarráðs þann 16. júní 2021 var lögð fram skýrsla stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu um stöðu barna með fjölþættan vanda.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Sveitarfélögin hafa allt frá árinu 2012 óskað eftir faglegri og fjárhagslegri aðstoð frá ríkinu vegna málefna barna með fjölþættan vanda. Fjöl margar nefndir hafa starfað og fjallað um málefnið og ljóst er að til þess að lausn komist á málið þarf ríkið að koma til móts við sveitarfélögin. Nú árið 2021 liggur ennþá ekki ljóst fyrir hvar kostnaður vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda skuli liggja og ekki eru heldur fyrir hendi þau fjölbreyttu úrræði sem ljóst er að full þörf er á. Kostnaður sem áður lá hjá ríkinu hefur nú færst alfarið yfir á sveitarfélögin án þess að því hafi fylgt nokkuð fjármagn. Ríkið getur ekki skorast undan ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda og ljóst er að hluti þjónustunnar er á ábyrgð ríkisins s.s. geðheilbrigðisþjónusta. Velferðarráð skorar á félags- og barnamálaráðherra og félagsmálaráðuneytið að hlusta á ákall sveitarfélaganna og vinna að farsælli lausn málsins sem fyrst börnum til heilla.

Frá því að skýrsla stjórnenda í barnaverndarþjónustu kom út, fyrir ári síðan hefur ekkert gerst í þessum málum, fyrir utan það að boðað hefur verið að það verði settur á laggirnar starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins. Á árinu 2021 nam kostnaður Reykjavíkurborgar af vistunum barna með alvarlegan þroska- og geðrænan vanda um 2 ma.kr. Velferðarsvið fékk 345,7 m.kr. framlag frá sérfræðiteymi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins til að standa straum af kostnaðinum. Fjárheimild sviðsins var um 1 ma.kr. og er niðurstaða tímabilsins því 635 m.kr. umfram fjárheimildir. Annars vegar er um að ræða vistanir á vegum þjónustumiðstöðva vegna fatlaðra barna og ungmenna með alvarlegar geð- og þroskaraskanir og hins vegar er um að ræða börn með sambærilegan vanda sem eru vistuð á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Umsóknir vegna níu barna voru samþykktar af sérfræðiteyminu á vegum ríkisins en kostnaður vegna þeirra er samtals 783,6 m.kr á árinu 2021. Samþykki sérfræðiteymisins á þessum umsóknum er staðfesting á þörfinni fyrir vistun í sérúrræði utan heimilis. Engri umsókn frá Reykjavíkurborg var hafnað þó einungis hafi verið greidd 50% af kostnaði. Þess ber að geta að heildarfjármagnið sem sérfræðiteymið hefur til umráða fyrir allt landið er 500 m.kr. á ári. Að mati velferðarsviðs þyrfti að minnsta kosti að tvöfalda þá upphæð.

Kostnaður vegna vistana barna með alvarlegan hegðunar- og þroskavanda hefur vaxið ört á undanförum árum. Skýringar má meðal annars rekja til þess að það er skortur á þjónustu, m.a. meðferðarúrræðum á vegum ríkisins, en á Íslandi eru 16 meðferðarpláss á vegum Barna- og fjölskyldustofu (Lækjarbakki, Stuðlar, Laugaland). Þá hefur langur biðtími á legudeild BUGL og takmörkuð geta spítalans til að taka við börnum í innlögn sem sýna erfiða hegðun svo sem í formi mótþróa eða ofbeldis mikil áhrif. Skortur er á fósturforeldrum og þá sérstaklega fósturforeldrum sem geta tekið að sér börn í styrkt fóstur en það er meðal annars hlutverk Barna- og fjölskyldustofu að útvega fósturforeldra.

Til samanburðar eru eitt þúsund pláss á vegum norsku Barna- og fjölskyldustofunnar í meðferðarkerfinu í Noregi¹. Þau pláss eru annarsvegar á ríkisstofnunum og hinsvegar hjá einkaaðilum en greidd af ríkinu. Til samanburðar, miðað við íbúatölu þá ættu plássin á Íslandi að vera um 80.

Að mati velferðarsviðs þarf að huga vel að faglegri framtíðarsýn meðferðarkerfisins og uppbyggingu þess í heild. Þar þarf að taka tillit til hvernig slík meðferðarpláss skiptast í meðferðarheimili, styrkt fóstur og meðferðarfóstur, langtímainnlögn á geðdeild, reglulegar hvíldarinnlagnir á meðferðarheimili o.s.frv. Einnig þarf að vera hægt að taka á móti breiðari aldurshópi en er í dag og það þarf að byggja upp færni og þekkingu til að takast á við vanda barna og ungmenna með alvarlegan þroska- og hegðunarvanda.

Nokkuð hefur verið fjallað um þessa þróun og alvarlega stöðu í þessum málaflokki undanfarin misseri. Er hér um krefjandi verkefni að ræða sem vaxið hefur að umfangi undanfarinn áratug, án þess að legið hafi fyrir skýr fagleg framtíðarsýn um hvernig málefnum þessara barna sé best fyrir komið og hvernig kostnaðarskiptingu vegna þeirra skuli háttáð milli ríkis og sveitarfélaga. Staðan í dag er einfaldlega þannig að sveitarfélögin eru að kosta mjög miklu til, til að sinna börnum sem að einhverju leyti þurfa og eiga rétt á öflugri heilbrigðisþjónustu og sérhæfðum meðferðarúrræðum sem þau hafa í dag ekki aðgang að nema í gegnum einkarekin heimili.

Skýrslan er hér með send borgarráði til kynningar.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Skýrsla stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu um stöðu barna með fjölþættan vanda lögð fram á fundi velferðarráðs 16. júní 2021.

¹ Institusjonstilbudet i Barnevernet. Menon Economics